

**Bekkur:** 8. bekkur

**Námsgrein:** Samfélagsfræði

**Kennarar:** Haraldur Már Stefánsson og Kolbrún Þórhildur Gunnarsdóttir

**Tímafjöldi:** 3



*Sjálfstæði – virðing – samhugur – ábyrgð*

**Námsgögn:**

Um víða veröld - heimsálfur, Fjölskyldan á 20.öld, ýmis hefti, myndbönd og annað efni sem tengist námsefninu, tækni og forrit notuð eins og hægt er.

**Lykilhæfni:** Unnið er eftir Lykilhæfniviðmiðum Grunnskólans í Borgarnesi

Námsflokkar	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
Reynsluheimur – Umhverfi, samfélag, saga, menning: hæfni nemenda til að skilja veruleikan.	<p>Að nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• Geti sýnt fram á skilning á mikilvægi þess að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, fyrir mannréttindum, félagslegu réttlæti, jöfnuði og helgi mannlegs lífs.</li><li>• Geti aflað sér, hagnýtt, ígrundað og metið upplýsingar um menningar- og samfélagsmálefni, sem birtast í munnlegum flutningi, samræðum, texta og myndrænum búningi.</li><li>• Geti rökrætt mikilvæg hugtök, sem notuð eru um menningar- og samfélagsmálefni.</li><li>• Geti greint mynstur mannglegra athafna sem móta og breyta umhverfi og búsetuskilyrðum.</li><li>• Geti greint og fjallað um upplýsingar á kortum og gröfum og annars konar myndum.</li><li>• Geti séð hvernig sagan hefur mótast af umhverfispáttum og samfélagsskipulagi, þjóðfélagshreyfingum og hugmyndastefnum, viljaverkum og tilviljunum.</li><li>• Geti útskýrt margbreytileika trúarbragða og lífsviðhorfa og greint áhrif þeirra á líf einstaklinga, hópa og samfélaga.</li><li>• Geti fengið við og greint viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og tengjast spurningum um merkingu og tilgang lífsins.</li><li>• Geti sýnt fram á læsi á frásagnir, hefðir, kenningar, hátíðir, siði og tákn kristni og annarra helstu trúarbragða heims.</li><li>• Geti rætt og borið saman ólík trúar og lífsviðhorf og gert sér grein fyrir hvað er sameiginlegt og hvað sérstætt.</li><li>• Geti greint áhrif Biblíunnar og helgirita annarra helstu trúarbragða á menningu og samfélög.</li></ul>	Upplýsingaöflun, samræður, hópavinna, verkefnavinna og verkefnaskil, kynning á niðurstöðum verkefna.	Nemendur vinna ýmist í einstaklings- eða hópavinnu og skila niðurstöðum sínum á fjölbreyttan hátt meðal annars í formi ritunar, glærukynningar, plakats, stuttmyndar og fleira.

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Geti útskýrt trúarlegar vísanir og tjáningu í listum og bókmenntum.</li> <li>• Geti gert sér grein fyrir hlutverki og margbreytileika fjölskyldna og gagnkvæmum áhrifum innan hennar á mismunandi tímum og menningarsvæðum.</li> <li>• Geti útskýrt og rökrætt hugmyndum um velferðarsamfélagið og tengsl þess við stjórnámál, atvinnulíf og hugmyndastefnur.</li> <li>• Geti greint hvernig stjórnámál og samfélagsgerð tengjast lífi einstaklinga.</li> </ul>		
Hugarheimur – Sjálfsmynd: Hæfni nemenda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Geti sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn og viðhorf, á ýmsum stöðum og tímum.</li> </ul>	Upplýsingaöflun, samræður, hópavinna, verkefnavinna og verkefnaskil, kynning á niðurstöðum verkefna.	Nemendur vinna ýmist í einstaklings- eða hópavinnu og skila niðurstöðum sínum á fjölbreyttan hátt meðal annars í formi ritunar, glærukynningar, plakats, stuttmyndar og fleira.
Félagsheimur – Samskipti: Hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Geti tekið sjálfstæðan þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu.</li> <li>• Geti útskýrt með dæmum margbreytileika mannlífsins og ólíkan bakgrunn fólks, borið virðingu fyrir frelsi fólks til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta.</li> <li>• Geti vegið og metið skoðanir og upplýsingar, brugðist við þeim á fordómalausan og réttisýnan hátt.</li> <li>• Geti fengist við samfélagsleg og siðferðileg málefni af mismunandi sjónarhólum.</li> <li>• Geti rökrætt stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi, skyldur og gildismat, sýnt ábyrgð í samskiptum, umgengni og lífsháttum, m.a. með vísan til réttinda samkvæmt alþjóðasáttmálum.</li> <li>• Geti komið þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með fjölbreyttum og markvissum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra.</li> <li>• Geti rökrætt gildi jafnréttis og mannréttinda á öllum sviðum samfélagsins og þekki almenn ákvæði um mannréttindi.</li> <li>• Geti sýnt sjálfsgaga, sjálfstraust og virðingu í margvíslegum samskiptum og samstarfi við ólíka einstaklinga.</li> <li>• Geti útskýrt gildi reglna í samskiptum fólks í fjölskyldu vinahópi og þjóðfélaginu í heild og tekið þátt í að móta slíkar reglur.</li> <li>• Geti tekið þátt í samfélagsmálum á ábyrgan hátt og beitt sér í málefnum sem varða almannaheill.</li> <li>• Geti sinnt velferð og hag samferðafólks síns.</li> </ul>	Upplýsingaöflun, samræður, hópavinna, verkefnavinna og verkefnaskil, kynning á niðurstöðum verkefna.	Nemendur vinna ýmist í einstaklings- eða hópavinnu og skila niðurstöðum sínum á fjölbreyttan hátt meðal annars í formi ritunar, glærukynningar, plakats, stuttmyndar og fleira.
Lykilhæfni			

Tjáning og miðlun	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Geti brugðist með rökum við upplýsingum og hugmyndum sem eru á margvíslegu formi, tekið þátt í rökræðum um viðfangsefni og rökstutt mál sitt af yfirvegum og tekið tillit til ólíkra sjónarmiða.</li> <li>• Geti rætt á viðeigandi og skýran hátt um málefni þannig að áhugi viðmælenda sé vakinn.</li> <li>• Geti notað orðaforða á fjölbreyttan hátt og viðeigandi hugtök sem tengjast margskonar umfjöllunarefni.</li> <li>• Geti nýtt fjölbreyttar aðferðir við að miðla þekkingu sinni og leikni, skoðunum, hugsunum og tilfinningum á skipulegan og skýran hátt sem við á hverju sinni.</li> </ul>		
Lykilhæfni Skapandi og gagnrýnin hugsun	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Geti tekið frumkvæði í námi sínu og verið sjálfstæður og ábyrgur í vinnubrögðum.</li> <li>• Geti beitt mismunandi sjónarhornum, gagnrýninni hugsun við mótun og miðlun viðfangsefna á skapandi hátt.</li> </ul>		
Lykilhæfni Sjálfstæði og samvinna.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Geti tekið frumkvæði í námi sínu og verið sjálfstæður og ábyrgur í vinnubrögðum.</li> <li>• Geti gert sér grein fyrir hvernig hann nýtir styrkleika sína og hefur skýra sjálfsmynd.</li> <li>• Geti unnið með öðrum og tekið á jákvæðan hátt þátt í samskiptum og lagt sitt af mörkum í uppbyggilegu samstarfi sem tengist námi og félagsstarfi innan skóla.</li> <li>• Geti verið leiðandi í samstarfi og borið ábyrgð í útfærslu leiða að sameiginlegum markmiðum.</li> <li>• Geti nýtt hæfni sína til að vera virkur og ábyrgur borgari í lýðræðislegu samfélagi.</li> <li>• Geti tekið leiðsögn og gagnrýni á uppbyggilegan hátt og að sama skapi sett eigin gagnrýni uppbyggilega fram.</li> </ul>		
Lykilhæfni - nýting miðla			

og upplýsinga	<ul style="list-style-type: none"><li>• Geti nýtt fjölbreytta miðla og hjálpartæki á ábyrgan hátt við að leita upplýsinga og til stuðnings í námi sínu.</li><li>• Geti sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga og heimilda.</li><li>• Geti verið meðvitaður um siðferðislegt gildi ábyrgrar netnotkunar og tekur ábyrgð á eigin samskiptum á neti og netmiðlum.</li><li>• Geti gert sér grein fyrir hvernig hann getur hagnýtt sterkar hliðar sínar á skapandi hátt í námi og haft skýra sjálfsmynd.</li><li>• Geti sett sér raunhæf markmið um frammistöðu og framvindu eigin náms, unnið eftir þeim og lagt mat á hvernig til hefur tekist.</li><li>• Geti skipulagt og borið ábyrgð á eigin námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum aðalnámskrár, skipulagt og endurskoðað með tilliti til mats á árangri.</li></ul>		
------------------	---	--	--